

HAGAR HF.: UPPGJÖR HAGA Á 1. ÁRSFJÓRÐUNGI 2024/25

Rekstur gekk vel á fjórðungnum og afkoma styrkist á milli ára

Árshlutareikningur Haga hf. fyrir fyrsta ársfjórðung 2024/25 var samþykktur af stjórn og forstjóra félagsins á stjórnarfundi þann 28. júní 2024. Reikningurinn er fyrir tímabilið 1. mars til 31. maí 2024. Árshlutareikningurinn hefur að geyma samstæðureikning félagsins og dótturfélaga þess og er hann gerður í samræmi við alþjóðlega reikningskilastaðla (IFRS). Reikningurinn hefur hvorki verið kannaður né endurskoðaður af endurskoðendum félagsins, PricewaterhouseCoopers ehf.

Helstu lykiltölur

- **Vörusala** 1F nam 44.067 m.kr. (6,2% vöxtur frá 1F 2023/24). [1F 2023/24: 41.490 m.kr.]
- **Framlegð** 1F nam 9.537 m.kr. (21,6%). [1F 2023/24: 8.072 m.kr. (19,5%)]
- **Hagnaður fyrir afskriftir, fjármagnsliði og skatta (EBITDA)** 1F nam 3.214 m.kr. eða 7,3% af veltu. [1F 2023/24: 2.521 m.kr. (6,1%)]
- **Hagnaður** 1F nam 850 m.kr. eða 1,9% af veltu. [1F 2023/24: 653 m.kr. (1,6%)]
- **Grunnhagnaður á hlut** 1F var 0,78 kr. [1F 2023/24: 0,59 kr.]. **Þynntur hagnaður á hlut** 1F var 0,77 kr. [1F 2023/24: 0,58 kr.]
- **Eigið fé** nam 29.038 m.kr. í lok tímabils og **eiginfjárlutfall** 35,6%. [Árslok 2023/24: 28.188 m.kr. og 36,5%]
- **Afkomuspá stjórnenda** fyrir rekstrarárið 2024/25 gerir ráð fyrir að EBITDA verði 13.800-14.300 m.kr.

Helstu fréttir af starfsemi

- **Rekstur á fyrsta ársfjórðungi gekk vel** og var í samræmi við áætlanir. **Góð söluaukning** var á tímabilinu en **vörusala jókst um 6,2%** milli ára.
- **Seldum stykkjum í dagvöruverslunum fjölgar** milli ára um 1,1% og **heimsóknnum viðskiptavina fjölgar** auk þess um 5,3%. **Aukning var í seldum eldsneytislífrum** milli ára og nam hún 0,7%.
- **Framlegð í krónum talið jókst** um 18,1% milli ára og **framlegðarhlutfallið hækkar** um 2,2%-stig. **Framlegðarhlutfall hækkar bæði í dagvöru- og eldsneytishluta** samstæðunnar en framlegðarhlutfall var í sögulegu lágmarki á samanburðartímabili.
- Unnið hefur verið að því með birgjum félagsins að **lágmarka og/eða draga úr hækkun vöruverðs**. Verðbólga í mat og drykk hefur lækkað töluvert á árinu.
- Verslun **Bónus á Ísafirði** var **stækkuð og endurnýjuð** á tímabilinu - Gripið & Greitt innleitt í fleiri verslunum.

Finnur Oddsson, forstjóri:

Rekstrarárið 2024/25 fer vel af stað hjá Högum. Á fyrsta fjórðungi jókst vörusala um ríflega 6% og nam 44,1 ma. kr., framlegð styrktist og afkoma batnaði töluvert miðað við sama fjórðung í fyrra. EBITDA nam 3.214 m.kr. og hagnaður 850 m.kr.

Starfsemi gekk vel á öllum sviðum, en stór skýring á bættri afkomu liggur í sterkari rekstri Ollís á fjórðungnum. Tekjur vegna eldsneytissölu voru ríflega 13 ma. kr. og var afkoma umfram væntingar. Sala í lítrum var yfir árinu í fyrra, m.a. vegna sterkrar eftirspurnar í smásölu og stakra viðskipta við erlenda aðila. Sala á þurrvöru og veitingum á þjónustustöðvum jókst á milli ára, en aukið og bætt vöruframboð á stöðvum, nýtt samstarf við Wolt og afhendingarþjónusta pakkasendinga hafa almennt stuðlað að auknum umsvifum. Undirbúningur sölumeðferðar á ODR hefur verið hafinn.

Ágætur gangur er sem fyrr í rekstri verslana og vöruhúsa, þar sem tekjur jukust um ríflega 7% á fjórðungnum og afkoma batnaði m.v. sama fjórðung í fyrra. Heilt yfir hefur seldum stykkjum í dagvöruverslun og heimsóknum viðskiptavina fjölgað. Þar dregur Bónus sem fyrr vagninn, en ódýr matvörukrafa og nýjungar eins og Gripið & Greitt og hagkvæm kvöldmatartilboð hafa mælst vel fyrir og léttu viðskiptavinum lífið. Tekjur jukust lítillega hjá Hagkaup og rekstur styrktist á milli ára. Viðskiptavinir hafa tekið nýjungum í starfsemi ákaflega vel, allt frá Skálinni, nýjum sjálfsafgreiðslu-skyrbar, yfir í veislubjónustu sem annaði ekki eftirspurn á álagstoppum í kringum fermingar og útskriftir á vormánuðum. Eldum rétt hélt upp á 10 ára afmæli félagsins í apríl og þakkaði viðskiptavinum traustið með skemmtilegum ferðaleik. Sala heldur áfram að aukast og með nýju framleiðslurými og tækjabúnaði hefur náðst að einfalda ferla og auka skilvirkni í framleiðslu. Rekstur annarra eininga, vöruhúsa, Stórkaups og Zara var í samræmi við áætlanir.

Við erum ánægð með rekstur Haga á fyrstu mánuðum rekstrarársins, en árangurinn er til vitnis um að stefnumótun og aðgerðir til að styrkja rekstrarfélög okkar hafa heilt yfir gengið eftir. Eftir nokkur ögrandi ár hefur umhverfi rekstrar í okkar geira heldur þróast til betri vegar, m.a. með óvenju hóflegum kjarasamningum og auknum fyrirsjáanleika um launapróun, lækkandi verðbólgu, bæði vísitölu neysluverðs og hvað matarverð varðar sérstaklega. Til skemmri tíma höfum við enn áhyggjur af þróun matarverðs en treystum á áframhaldandi gott samstarf og ábyrga afstöðu heildsala og framleiðenda að gæta hófs í verðhækkunum, sýna samstöðu og tryggja þannig stöðugleika verðlags. Þar liggja sameiginlegir hagsmunir allra landsmanna.

Staða Haga og horfur í rekstri eru sem fyrr jákvæðar. Fjárhagur er traustur, rekstur helstu eininga gengur vel og félagið er vel í stakk búið til að fylgja eftir spennandi tækifærum og þróa nýja tekjustrauma. Framundan er svo einn mikilvægasti rekstrarfjórðungur hvers árs, sumarið, með auknum ferðalögum landsmanna og erlendra ferðamanna. Síðast en ekki síst er vert að minnast á að Hagar búa að frábæru teymi starfsfólks sem leggur sig fram um að gera verslun með dagvöru og eldsneyti hagkvæma, þægilega og skemmtilega.

Rekstrarreikningur samstæðunnar

í millj. kr.	1F 2024/25	1F 2023/24	Breyting	Breyting %
	01.03-31.05	01.03-31.05		
Vörusala	44.067	41.490	2.577	6,2%
Kostnaðarverð seldra vara	(34.530)	(33.418)	(1.112)	3,3%
Framlegð	9.537	8.072	1.465	18,1%
Framlegð %	21,6%	19,5%	-	2,2%
Aðrar rekstrartekjur	142	194	(52)	-26,8%
Laun og launatengd gjöld	(4.377)	(3.932)	(445)	11,3%
Annar rekstrarkostnaður	(2.088)	(1.813)	(275)	15,2%
Rekstrarhagnaður fyrir afskriftir (EBITDA)	3.214	2.521	693	27,5%
EBITDA %	7,3%	6,1%	-	1,2%
Afskriftir	(1.381)	(1.129)	(252)	22,3%
Rekstrarhagnaður (EBIT)	1.833	1.392	441	31,7%
Hrein fjármagnsgjöld	(789)	(626)	(163)	26,0%
Áhrif hlutdeildarféлага	25	40	(15)	-37,5%
Hagnaður fyrir tekjuskatt	1.069	806	263	32,6%
Tekjuskattur	(219)	(153)	(66)	43,1%
Heildarhagnaður	850	653	197	30,2%

Rekstur á fyrsta ársfjórðungi 2024/25

Vörusala á 1F nam 44.067 m.kr., samanborið við 41.490 m.kr. árið áður. Söluaukning milli ára nam 6,2%. Söluaukning verslana og vöruhúsa nam 7,6% en söluaukning hjá Olís nam 2,8% milli ára.

Fjöldi seldra stykkja í dagvöruverslunum jókst um 1,1% á fjórðungnum. Heimsóknnum viðskiptavina fjölgaði sömuleiðis, eða um 5,3%. Seldum eldsneytislítrum hjá Olís fjölgaði um 0,7% á fjórðungnum.

Framlegð samstæðunnar á 1F var 9.537 m.kr., samanborið við 8.072 m.kr. árið áður, eða aukning sem nemur 18,1%. Framlegðarhlutfall hækkaði og var 21,6% í samanburði við 19,5% á fyrra ári. Framlegðarhlutfall hefur hækkað bæði í dagvöru- og eldsneytishluta samstæðunnar en á samanburðartímabili var framlegðarhlutfall í samstæðunni í sögulegu lágmarki.

Launakostnaður nam 4.377 m.kr. og hækkaði um 11,3% milli ára, einkum vegna áhrifa kjarasamninga og fjölgunar Bónusverslana. Launahlutfallið hækkar úr 9,5% í 9,9% á ársfjórðungnum.

Annar rekstrarkostnaður hækkaði um 15,2% milli ára og er kostnaðarhlutfallið nú 4,7% í samanburði við 4,4% árið áður.

Afkoma fyrir fjármagnsliði, afskriftir og skatta (EBITDA) nam 3.214 m.kr., samanborið við 2.521 m.kr. árið áður. EBITDA-hlutfall var 7,3%, samanborið við 6,1% á fyrra ári. EBITDA verslana og vöruhúsa jókst um 10,1% milli ára og EBITDA Olís jókst úr 299 m.kr. í 767 m.kr. eða um 156,5%.

Heildarhagnaður tímabilsins nam 850 m.kr., sem jafngildir 1,9% af veltu en heildarhagnaður á fyrra ári var 653 m.kr. eða 1,6% af veltu.

Efnahagsreikningur samstæðunnar

í millj. kr.	31.05.2024	29.02.2024	Breyting	Breyting %
Eignir				
Fastafjármunir	56.837	56.085	752	1,3%
Veltufjármunir	24.704	21.129	3.575	16,9%
Eignir samtals	81.541	77.214	4.327	5,6%
Eigið fé og skuldir				
Hlutfé	1.084	1.084	--	0,0%
Annað eigið fé	27.954	27.104	850	3,1%
Eigið fé samtals	29.038	28.188	850	3,0%
Langtímaskuldir	24.412	23.139	1.273	5,5%
Vaxtaberandi skammtímaskuldir	5.825	5.818	7	0,1%
Aðrar skammtímaskuldir	22.266	20.069	2.197	10,9%
Skuldir samtals	52.503	49.026	3.477	7,1%
Eigið fé og skuldir samtals	81.541	77.214	4.327	5,6%

Lykiltölur efnahags 31.05.2024

- Heildareignir samstæðunnar í lok tímabils námu 81.541 m.kr. og hækkuðu um 4.327 m.kr. frá árslokum 2023/24.
- Fastafjármunir voru 56.837 m.kr. og hækkuðu um 752 m.kr. frá árslokum 2023/24. Hækkunina má að mestu rekja til leigueigna.
- Veltufjármunir námu 24.704 m.kr. og hækkuðu um 3.575 m.kr. frá árslokum 2023/24.
- Birgðir í lok ársfjórðungs voru 12.798 m.kr. og veltuhraði birgða 11,4. Birgðir hafa hækkað um 1.257 m.kr. frá lokum 1F 2023/24 en lækkað um 270 m.kr. frá árslokum 2023/24. Veltuhraði birgða á fyrra ári var 11,3.
- Viðskiptakröfur og aðrar skammtímakröfur hækka um 1.098 m.kr. á tímabilinu og er innheimtutími viðskiptakrafna nú 11,4 dagar samanborið við 11,3 daga á fyrra ári.
- Veltufjárhlutfall er 0,88 og lausafjárhlutfall 0,42 í lok ársfjórðungs. Aðgangur að skammtímafjármögnun í formi lánalína að upphæð 6,2 ma. kr. hjá viðskiptabanka er tryggður en auk þess fjármagnar félagið sig til skamms tíma með útgáfu víxla.
- Eigið fé í lok tímabilsins var 29.038 m.kr. og eiginfjárhlutfall 35,6%. Arðsemi eigin fjár var 18,9%. Eiginfjárhlutfall við lok síðasta rekstrarárs var 36,5% og arðsemi eigin fjár 18,1%. Félagið átti eigin hluti að nafnverði 22,1 millj. í lok tímabilsins.
- Heildarskuldir samstæðunnar í lok fyrsta ársfjórðungs námu 52.503 m.kr. en þar af voru vaxtaberandi skuldir 17.155 m.kr. og leiguskuldir 13.278 m.kr. Nettó vaxtaberandi skuldir, með leiguskuldum, í lok tímabils voru 25.859 m.kr. eða 1,9 x 12 mánaða EBITDA.
- Vaxtaberandi skammtímaskuldir námu 5.825 m.kr. en þar af námu víxilskuldir 2.880 m.kr. Þá er skuldabréfaflokkur HAGA181024 að upphæð 2.500 m.kr. á gjalddaga í október nk. Lánalína var óáðregin í lok tímabils.

Sjóðstreymisyfirlit samstæðunnar

í millj. kr.	1F 2024/25	1F 2023/24	Breyting	Breyting %
	01.03-31.05	01.03-31.05		
Handbært fé frá rekstri	3.890	3.335	555	16,6%
Fjárfestingarhreyfingar	(684)	(2.350)	1.666	-70,9%
Fjármögnunarhreyfingar	(459)	(898)	439	-48,9%
Hækkun á handbæru fé	2.747	87	2.660	3057,5%
Handbært fé í byrjun tímabils	1.827	2.869	(1.042)	-36,3%
Handbært fé í lok tímabils	4.574	2.956	1.618	54,7%

Sjóðstreymi fyrstu þrjú mánuði rekstrarársins 2024/25

- Handbært fé frá rekstri á fyrsta ársfjórðungi nam 3.890 m.kr., samanborið við 3.335 m.kr. á fyrra ári.
- Fjárfestingarhreyfingar tímabilsins voru 684 m.kr., samanborið við 2.350 m.kr. á fyrra ári. Einkum var fjárfest í áhöldum og innréttingum á tímabilinu, m.a. stækkun og endurbótum á verslun Bónus á Ísafirði. Á fyrra ári var fjárfest í fasteign við Norðlingabraut í Reykjavík ásamt opnun nýrrar verslunar Bónus í húsnæðinu.
- Fjármögnunarhreyfingar tímabilsins voru 459 m.kr., samanborið við 898 m.kr. á fyrra ári.
- Handbært fé hækkaði um 2.747 m.kr. á tímabilinu og nam í lok ársfjórðungs 4.574 m.kr., samanborið við 2.956 m.kr. í lok fyrsta ársfjórðungs í fyrra.

Staðan og framtíðarhorfur

Rekstur á fyrsta ársfjórðungi 2024/25 gekk vel og var í samræmi við áætlanir. Vörusala jókst um 6,2% frá fyrra ári og framlegð jókst í krónum talið um 18,1%. Rekstrarkostnaður hækkaði um 12,5% milli ára og EBITDA afkoma tímabilsins styrktist um 27,5% frá fyrra ári. Ágæta niðurstöðu fjórðungsins má að stórum hluta rekja til betri rekstrarafkomu starfspáttar Olís en starfspáttur verslana og vöruhúsa styrktist einnig milli ára. Fjármagnskostnaður samstæðunnar hækkaði um 26% milli ára. Vextir og verðbólga eru enn há í sögulegu samhengi og þá hafa vaxtagjöld vegna leiguskulda hækkað nokkuð milli tímabila.

Afkomuspá stjórnenda fyrir rekstrarárið 2024/25 gerir ráð fyrir að rekstrarhagnaður fyrir afskriftir (EBITDA) verði á bilinu 13.800-14.300 m.kr. Fjárhagsleg staða samstæðunnar er sterk og er fjármögnun tryggð til millilangs tíma. Aðgangur að skammtímafjármögnun í formi lánalína, að fjárhæð 4,5 ma. kr. og USD 12,5 millj. er tryggður en einnig hefur félagið undanfarið nýtt sér skammtímafjármögnun í formi víxlaútgáfu. Útgáfa víxlanna er í samræmi við grunnlýsingu 10 ma. kr. útgáfuramma sem stjórn félagsins hefur samþykkt. Gera má ráð fyrir að félagið nýti sér áfram markaðsfjármögnun á næstu misserum.

Hlutfé og hluthafar

- Markaðsvirði Haga í lok tímabilsins nam 85,7 ma. kr. og lokaverð þann 31. maí 2024 var 77,5 kr./hlut.
- Skráð hlutfé Haga í lok tímabilsins nam 1.106 m.kr. Félagið átti 22,1 millj. eigin hluti í lok tímabils og er útistandandi hlutfé því 1.084 m.kr.
- Þann 30. maí 2024 samþykkti aðalfundur félagsins að greiddur yrði arður til hluthafa sem nemur 50,0% af hagnaði síðasta reikningsárs eða samtals 2.522 m.kr. Heildararðgreiðslan nam því 2,33 kr. á hlut útistandandi hlutfjár. Arðurinn var greiddur þann 7. júní 2024.
- Hluthafar voru 968 í byrjun tímabils og 956 í lok þess. 10 stærstu hluthafar félagsins áttu 77,55% eignarhlut í félaginu í lok fyrsta ársfjórðungs.

Rafrænn kynningarfundur í dag, föstudaginn 28. júní 2024

Rafrænn kynningarfundur fyrir markaðsaðila og hluthafa verður haldinn í dag, föstudaginn 28. júní kl. 16:00, þar sem Finnur Oddsson, forstjóri, og Guðrún Eva Gunnarsdóttir, framkvæmdastjóri fjármálasviðs, munu kynna rekstur og afkomu félagsins ásamt því að svara fyrirspurnum.

Tekið verður við spurningum sem tengjast uppgjörinu á meðan á útsendingu stendur á netfangið fjarfestakynning@hagar.is og verður þeim svarað eins og kostur er í lok fundar.

Fundinum verður streymt og er skráning á fundinn hér: <https://www.hagar.is/skraning>.

Kynningargögn verða aðgengileg á heimasíðu Haga, www.hagar.is, við upphaf fundar.

Fjárhagsdagatal 2024/25

Fjárhagsupplýsingar eru birtar eftir lokun markaða. Athugið að breyttur birtingadagur er á uppgjöri 3F frá fyrri tilkynningu, þ.e. birting er nú áætluð 16. janúar í stað 9. janúar 2025.

Uppgjörstímabil	Vikudagur	Birtingardagur
2F – 1. mars til 31. ágúst	Fimmtudagur	17. október 2024
3F – 1. mars til 30. nóvember	Fimmtudagur	16. janúar 2025
4F – 1. mars til 28. febrúar	Þriðjudagur	15. apríl 2025
Aðalfundur 2025	Miðvikudagur	21. maí 2025

Fréttatilkynning þessi og uppgjörsgögn verða aðgengileg á ensku þann 1. júlí á <https://www.hagar.is/en/>

Press release and financial statements will be available in English on July 1st at <https://www.hagar.is/en/>

Nánari upplýsingar veita Finnur Oddsson, forstjóri félagsins (fo@hagar.is), og Guðrún Eva Gunnarsdóttir, framkvæmdastjóri fjármálasviðs (geg@hagar.is), í síma 530-5500 eða tölvupósti.
